Akstursíþróttasamband Íslands

# Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts 17. mars 2020 kl. 18:00

**Mætt:**
Sigurjón Andersen (SA), Halldór Jóhannsson (HJ), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Ragnar Róbertsson (RR)

**Fjarverandi:**
Arnar Már Pálmarsson (AMP), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

ÞA ritaði fundargerð.

---

1. **Covid-19 mál**
    a. **Ársþing - frestun eða...**
    Samþykkt að formaður hafi samband við formenn aðildarfélaga sem hafa atkvæðarétt á þinginu. Þar verði lagðar fram skýringar á frestun á ársþingi og kannað hvaða skoðanir þeir hafa á nýrri dagsetningu.
    b. **Fjöldi fulltrúa á ársþingi** - við endurskoðun á fjölda keppnisskírteina kom í ljós að nokkrir keppendur voru ranglega skráðir. Listi yfir óskráða í félög verður sendur á viðkomandi keppnishaldara.
    c. **Frestun ýmiskonar viðburða**
        i. **Námskeið fyrir keppnisstjóra og dómnefndarmenn** - frestað til 18.-19. apríl ef samkomubanni hefur verið aflétt.
        ii. **Skoðun öryggisbúra** - haldið áfram en föstum skoðunardögum verði breytt þannig að gefinn verður ákveðinn tími til að koma með keppnistækið til skoðunar til að fækka þeim sem eru á staðnum eins og hægt er.

2. **Erindi til efnahags- og viðskiptaráðuneytis**
Erindi til efnahags- og viðskiptaráðuneytis verður sent á morgun.

3. **Tillaga að reglugerð um akstursíþróttir**
Rætt um síðustu tillögu íþróttasambandanna að nýrri reglugerð um akstursíþróttir

4. **Frágangur á skjölun keppna**
Áhersla verður á rétta notkun keppnishaldara á upplýsingatöflu keppninnar. Undirskriftir keppnisstjóra og dómnefndar fylgi hverri færslu. Upplýsingatafla keppninnar verði aðgengileg og send á skrifstofu AKÍS.
JBJ, BH og TMÞ leggi fram tillögu að nánari reglum um frágang á skjölum keppna.

5. **Næsti fundur**
Hangouts 18. mars 2020 kl. 20:30.

6. **Fundi slitið 19:20**